

10. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út ull, án þess að gæta fyrir mæla laga þessara um mat, flokkun og merking hennar, sæti 200—2000 kr. sektum til lands-sjóðs. Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

107

11. ágúst

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Marselisborg, 11. ágúst 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Dorsteinn Briem.

L Ö G

um refaveiðar og loðdýrarækt.

108

11. ágúst

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 8. gr. laga, nr. 62 19. júní 1933, um breyting og viðauka við lög nr. 44 19. maí 1930, um refaveiðar og refarækt, höfum látið fella texta þeirra inn í lög nr. 44 1930 og gefum þau út svó breytt sem lög um refaveiðar og loðdýrarækt:

I. KAFLI.

Um refaveiðar.

1. gr.

Skyld er sýslunefndum að sjá um, að hreppsnefndir hafi umsjón og eftirlit með eyðing refa, eins og lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenjaleitir og grenjavinnslu í heima- og afréttarlöndum hreppsins, hvort heldur sem lönd þessi leggja innan eða utan sýslufélagsins.

Nú eiga tveir eða fleiri hreppar leitarsvæði saman, og annast þeir þá í sameiningu um grenjaleitir.

Heimilt er sýslunefndum að veita þeim hreppum undanþágu frá grenjaleit-

- 108** um, er fullvíst þykir, að ekkert gren sé til í heima- eða afréttarlöndum, eða þar
11. ágúst hafi ekki fundizt dýr síðustu árin.

3. gr.

Hreppsnefnd eða þeir, er upprekstrarfélag velur eða sameiginlegur fjallskilafundur fleiri hreppa, skulu ráða einn eða fleiri skotmenn til grenjavinnslu í þeim löndum, er þeim ber að annast um samkv. 2. gr. Skal hann (þeir) reiðubúinn til grenjavinnslu hvenær sem gren finnst, ásamt með vökumanni, sem ráðinn er af sömu aðiljum og skotmaður tekur gildan.

4. gr.

Óheimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 3. gr., að vinna gren eða taka yrðlinga, nema atvik liggja svo til, að ekki hafi náðst í skotmann í tæka tíð.

5. gr.

Þegar gren finnst, hvort heldur er í grenjaleit eða ekki, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er. En finni það einn maður og geti ekki komið vitneskju til næsta bæjar nema fara sjálfur, skal hann gera það, en flýta skal hann sem mest för sinni og þegar í stað fara á grenið aftur og ekki yfirgefa það fyrr en skotmaður kemur. Þó er ferðamanni ekki skylt að fara aftur á gren, þó finni. En skyldur er sá, sem vitneskju fær, að aðvara skotmann tafarlaust. Skal sá, er þannig varðveitir gren eða aðvarar skotmenn, fá hæfilega þóknun fyrir ómök sín.

6. gr.

Allir yrðlingar, sem teknir eru á greni eða annarsstaðar á víðavangi, eru eign þess sveitarfélag eða sveitarfélaga, er annast um grenjavinnslu á því svæði samkv. 2. gr., enda greiði sveitarfélagið eða sveitarfélögin allan kostnað við grenjavinnsluna.

Heimilt er þó ábúanda að taka þátt í grenjavinnslunni á þann hátt að bera helming kostnaðar af greni, er finnst í landi hans. Allur annar refaveiðakostnaður greiðist þá af sveitarsjóði eða sveitarsjóðum (fjallskilasjóði), ef fleiri en einn hreppur eiga afrétt saman.

Yrðlingar og aðrar tekjur af grenjavinnslunni skiptast þá einnig eftir sömu hlutföllum og greiðsla kostnaðar.

Tilkynning ábúanda um, að hann kjósi að taka þátt í grenjavinnslunni, skal vera skrifleg og afhent hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita, eða fjallskilastjóra þar, sem fleiri hreppar eiga afrétt saman, fyrir fyrsta sumardag áður en grenjavinnsla fer fram.

7. gr.

Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því, sem um semst við hreppsnefnd eða trúnaðarmann upprekstrarfélags eða leitarvæðis.

Nú er gren unnið að einhverju eða öllu leyti á þann hátt, er segir í niðurlagi 4. greinar, og skal þá sá, er dýrunum náði, fá borgun, sem ekki má vera undir helmingi þess, sem hinn ráðni skotmaður hefði fengið, og aldrei meiri en hann hefði haft.

8. gr.

Hreppsnefndir eða þeir, sem valdir hafa verið til þess að sjá um refaeyðing samkvæmt ákvæðum annarar málsgreinar 2. gr., skulu fyrir 1. desember ár hvert leggja fram sundurliðaðan reikning yfir tekjur og kostnað við refaeyðing í af-réttar- eða heimalöndum þeirra.

9. gr.

Nú vinnast hlaupadýr á öðrum tíma en grenjaleit fer fram, og á þá skot- maður 10 kr. fyrir hvert dýr, er hann sannar, að hann hafi unnið. Sýslunefnd get- ur þó hækkað eða lækkað gjald þetta.

Greiðist gjaldið úr hlutaðeigandi sýslusjóði.

10. gr.

Engu má raska á grenjum nema með samþykki og að fyrirsögn sveitar- stjórna. Ekki má láta hunda hlaupa á gren á grenjavinnslutímanum né hafa þar óþarfan umgang eða hark.

11. gr.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir öll þekkt gren og gerir stutta lýsingu á þeim. Hún skal láta byggja vörður og skotbyrgi við gren, þar sem þörf er á, og halda þeim við. Hún getur og látið laga skemmd gren, sem auðunnin eru, en ónýta önn- ur, sem torunnin eru.

12. gr.

Sýslunefndum er heimilt að setja með reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið staðfestir, nánari reglur um framkvæmd laga þessara innan sýslunnar, svo sem um grenjaleitir, grenjavinnslu og kaupgreiðslu til skotmanna og annað, er lýt- ur að eyðing refa.

II. KAFLI.

Um loðdýrarækt.

13. gr.

Hver sá, er ætlar að setja á stofn refaræktarbú eða annað loðdýraræktarbú, eða stunda refaeldi eða eldi annara loðdýra, hvort heldur til skinnaframleiðslu eða til sölu á lifandi dýrum, þarf til þess leyfi sýslunefndar. Það telst loðdýra- ræktarbú, þar sem refir eða önnur loðdýr eru alin árlangt, en refaeldi eða loð- dýraeldi, þar sem refir eða önnur loðdýr eru alin skemmri tíma, hvort sem fleiri eru eða færri.

14. gr.

Bannað er að geyma refi eða önnur loðdýr, sem að dómi atvinnumálaráð- herra gætu orðið skaðleg ef þau sleppa úr haldi, öðruvísi en í fulltryggum girð- ingum eða annari öruggri vörzlu. Nú sleppur slíkt dýr úr vörzlu og næst ekki. Skal þá eigandi sæta að minnsta kosti 200 kr. sekt fyrir hvert dýr, sem sleppur.

108

11. ágúst

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um öryggi refagirðinga og annara loðdýragirðinga, geymslu og flutning dýranna og um lækniseftirlit með loðdýraræktarbúum. Hreppstjórar í sveitum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu hafa sérstakt eftirlit með því, að geymsla refa og annara loðdýra sé svo örugg sem reglugerð ákveður.

15. gr.

Eigi má flytja út refi lifandi, nema þeir séu fallegir og vel aldir og fylgi dýra-læknisvottorð hverri útflutningssendingu um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og hvort yrðlingar séu eða eldri dýr.

Þessi vottorð skulu staðfest af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

Eigi má flytja út yrðlinga fyrir 20. sept. Atvinnumálaráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Ráðherra getur sett tilsvarendi reglur og segir í þessari grein um útflutning annara loðdýra, eftir því sem ástæða kann að þykja til.

16. gr.

Hvert loðdýraræktarbú og annað loðdýraeldi er skyldugt að borga allan kostnað, er eftirlit og annað, er búið varðar, hefir í för með sér, eftir reikningi. Verði ágreiningur um reikning, sker sýslunefnd úr.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 20—5000 kr., er renna í hlutaðeigandi sýslusjóð þar sem brotið er framið, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallnar reglugerðir þær um grenjavinnslu og refarækt, er sýslunefndir hinna einstöku héraða hafa sett, að því leyti er þær koma í bága við lög þessi eða reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur um refagirðingar.

Svo eru úr gildi númer lög nr. 48, 28. nóv. 1919, að því er snertir eyðing refa, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Marselisborg, 11. ágúst 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Dorsteinn Briem.